



**EYJAFJARÐARSVEIT
TORFUR - SVÍNABÚ
DEILISKIPULAG – TILLAGA
GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA**

22.11.2018

UNNIÐ FYRIR STEFÁN ÞÓRÐARSON EHF.



Samþykktir.....	3
1 Forsendur.....	4
1.1 Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni.....	4
1.1 Skipulags- og matslýsing.....	4
1.2 Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður.....	5
1.3 Lög og reglur - fjarlægðarmörk.....	6
1.4 Skipulagsleg staða - aðalskipulag.....	7
1.5 Veðurfar.....	9
1.6 Minjar.....	10
1.7 Gögn deiliskipulags.....	10
1.8 Samráð.....	11
2 Deiliskipulag.....	12
2.1 Samgöngur.....	13
2.2 Lóðir.....	13
2.3 Byggingarreitir.....	13
2.4 Veitur.....	14
2.4.1 Neysluvatn.....	14
2.4.2 Hitaveita.....	14
2.4.3 Rafmagn.....	14
2.4.4 Fráveita.....	14
2.4.5 Úrgangur.....	15
3 Almennir skilmálar.....	16
3.1 Almennt.....	16
3.2 Hönnun og uppdrættir.....	16
3.3 Mæliblöð.....	16
3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar.....	16
3.5 Frágangur lóða.....	16
3.6 Náttúruvá.....	16
4 Sérákvæði.....	17

4.1	Almennt	17
4.2	A – Byggingar svínabús	17
4.3	B – Starfsmanna- og gestahús	17
4.4	C – Haugtankar	17
5	Umhverfismat	18
5.1	Aðferðarfræði	18
5.2	Upplýsingar um grunnástand umhverfis	19
5.2.1	Staðhættir	19
5.2.2	Umhverfisaðstæður	19
5.3	Umhverfisþættir	19
5.4	Áhrifaþættir	19
5.5	Umhverfisviðmið	20
5.6	Greining umhverfisáhrifa.....	21
5.7	Valkostir	21
5.8	Áhrifamat.....	22
5.8.1	Landslag og sjónræn áhrif	22
5.8.2	Samfélagsleg og hagræn áhrif.....	22
5.8.3	Gróður og lífríki	23
5.8.4	Heilsa og öryggi	24
5.8.5	Frárennismál	26
5.8.6	Úrgangsmál.....	26
5.8.7	Núll kostur	27
5.9	Tengsl við aðrar áætlanir.....	28
5.10	Vöktun	28
5.11	Samantekt og niðurstaða	28

Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 frá _____
til _____ var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann _____

Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

1 Forsendur

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð þessa deiliskipulags fyrir svínabú sem til stendur að byggja á spildu í landi Torfna í Eyjafjarðarsveit. Deiliskipulagið er unnið fyrir Stefán Þórðarson ehf.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins og f.h. Landslags koma að verkinu Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur SFFÍ og Ingvar Ívarsson landslagsarkitekt FÍLA.

1.1 Aðdragandi, forsendur og viðfangsefni

Fyrirtækið Stefán Þórðarson ehf. hefur fest kaup á 18,8 ha spildu í landi Torfna í Eyjafjarðarsveit og hefur fyrirtækið áform um að byggja svínabú á svæðinu. Torfur er jörð í ábúð og aðliggjandi svæði er hefðbundið landbúnaðarland.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld þar sem hún flokkast sem B framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br., liður 1.10 í 1. viðauka.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna sama liðar 1.10 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. :

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi

1.10. Þauleldi búfjár utan þess sem tilgreint er í tölulið 1.09.

(1.09. Þauleldi alifugla og svína með að minnsta kosti:

i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,

ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða

iii. 900 stæði fyrir gyltur.)

Í deiliskipulagi er m.a. gerð grein fyrir lóðarmörkum, byggingarreitum, byggingarskilmálum, umhverfisfrágangi, veitumálum, samgöngumálum og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

1.1 Skipulags- og matslýsing

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld er einnig þörf á matslýsingu þar sem deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Eins og lög gera ráð fyrir voru lýsingar þessar sameinaðar í eina skipulags- og matslýsingu.

Skipulags- og matslýsing vegna vinnu við deiliskipulag var samþykkt til kynningar á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar 1. október 2018. Skipulags- og matslýsingin var auglýst frá 2. – 16. október 2018. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Norðurorku, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Þá bárust fjórar athugasemdir. Skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar tók umsagnir og athugasemdir fyrir á fundi sínum 5. nóvember 2018, afgreiddi hverja umsöng eða athugasemd með bókun og vísaði í áframhaldandi

vinnu við deiliskipulag. Tekið var tillit til bókana skipulagsnefndar við umsögnum og athugasemdum í vinnu við deiliskipulag.

1.2 Afmörkun skipulagssvæðisins, stærð og núverandi aðstæður

Í skipulags- og matslýsingu var gert ráð fyrir að skipulagssvæðið næði yfir alla 18,8 ha spildu í landi Torfna sem fyrirtækið Stefán Þórðarson ehf. hefur fest kaup á. Við nánari skoðun var ákveðið að minnka skipulagssvæðið og hafa svæðið aðeins sunnan Finnastaðaár þar sem ekki er gert ráð fyrir að byggingar eða önnur starfsemi svínabúsins verði nær ánni en 50 m.

Skipulagssvæðið er 15,0 ha að stærð afmarkast um 40-50 m frá Finnastaðaá í norðri, við 15 m veghelgunarsvæði Eyjafjarðarbraut vestri í austri, við landamerki Grundar og Torfna í suðri og við landamerki Grundar í vestri.

Skipulagssvæðið er að hluta til ræktað land og að hluta til árframburður Finnastaðaár. Á árum áður átti Finnastaðaá það til að flæða um svæðin umhverfis núverandi farveg en eftir að ræsi var sett undir Finnastaðaveg vestan skipulagssvæðisins um 1980 hefur áin verið nokkuð stöðug í sínum farvegi. Efnistaka er heimil úr áreyrum Finnastaðaár vestan brúar yfir Eyjafjarðarbraut vestri, en efnistakan hjálpar til við það að efni safnast ekki upp og því eru minni líkur á að Finnastaðaá flæði á svæðinu. Efnistökusvæðið er utan marka skipulagsins.



Mynd 1. Græna afmörkunin sýnir spildu Stefáns Þórðarsonar ehf. á og svarta afmörkunin er skipulagssvæðið.

Gert er ráð fyrir að byggingar verði staðsettar a.m.k. 50 m sunnan Finnastaðaár, um 100 m vestan Eyjafjarðarbrautar vestri og í a.m.k. 50 m fjarlægð frá landamerkjum aðliggjandi jarða.

Aðkoman að svæðinu verður frá Eyjafjarðarbraut vestri, um 100 m sunnan við brú yfir Finnastaðaá.

1.3 Lög og reglur - fjarlægðarmörk

Skv. reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015 segir m.a. eftirfarandi í 6. gr. um fjarlægðir:

Sveitarstjórn ákveður í skipulagsáætlun fjarlægð milli eldihúsa. Þegar um er að ræða nýbyggingu eldihúsa, meiriháttar breytingar eða stækkanir á þeim og breytta notkun í eldihús, sem valdið geta auknum óþægindum, ber að ákveða, í samræmi við grein þessa, fjarlægðir þeirra við mannabústaði, útivistarsvæði, vinnustaði eða svæði sem afmörkuð hafa verið fyrir framangreinda notkun í aðalskipulagi eða með byggingarreitum í deiliskipulagi. Sveitarstjórn skal ákvarða fjarlægðir með hliðsjón af hugsanlegum umhverfisáhrifum og mega fjarlægðir aldrei vera minni en sem hér segir:

...

IV. Eldi svína:

- a. 600 m fyrir bú með meira en 2.000 stæði fyrir alisvín yfir 30 kg eða yfir 750 stæði fyrir gyltur. Á skilgreindu landbúnaðarsvæði er lágmarksfjarlægð 500 m frá eldihúsi að næsta íbúðarhúsi.*

Þau fjarlægðarmörk sem fram koma í 1. mgr. gilda einnig þegar um er að ræða nýbyggingu mannvirkja sem teljast mannabústaðir eða vinnustaðir, meiriháttar breytingar eða stækkanir á þeim og þegar um er að ræða breytta notkun.

Fjarlægðarmörk skv. 1. mgr. eiga ekki við um mannabústaði og vinnustaði sem tilheyra búrekstrinum eða vinnustaði með sambærilega starfsemi. Með mannabústöðum er átt við íbúðarhúsnæði, frístundahús, gistihús og sambærilegt. Með útivistarsvæðum er átt við svæði sem eru skipulögð til sértækrar útivistar, svo sem íþróttasvæði, leikvelli og ferðamannastaði.


Vegna skilmála í reglugerð sem sjá má hér að ofan er lágmarksfjarlægð frá byggingum fyrirhugaðs svínabús að mannabústöðum 600 m.

Fjarlægðir í næstu mannabústaði eru sem hér segir:


- Frístundahús í nánd við Finnastaðaá, austan Finnastaðavegar, er í um 650 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús
- Grund I og II, íbúðarhús er í um 1100 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðausturs
- Árbær, íbúðarhús er í um 900 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðvesturs
- Finnastaðir, íbúðarhús er í um 950 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðvesturs
- Holtssel, íbúðarhús er í um 1250 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðvesturs
- Ytra Fell, íbúðarhús er í um 1100 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til vesturs

Í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er skilgreint efnistökusvæðið sunnan við Finnastaðaá, en vestan við Eyjafjarðarbraut vestri (E17). Gert er ráð fyrir allt að 25.000 m³ efnistöku úr áreyrum Finnastaðaár en farvegur árinna er þar undanskilinn. Efnistökusvæðið er utan marka skipulagsins.

Innan gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðs aðalskipulags er skilgreind reiðleið vestan Eyjafjarðarbrautar vestri og upp með Finnastaðaá. Reiðleiðin meðfram Eyjafjarðarbraut vestri er innan skipulagssvæðisins en reiðleiðin upp með ánni er utan marka skipulagsins.



Mynd 3. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025, hluti sveitarfélagsuppráttar. Rauður hringur sýnir skipulagssvæðið ásamt um 600 m radius frá spildunni.



Mynd 4. Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, hluti uppdráttar sveitin-byggð (auglýst tillaga). Rauður hringur sýnir skipulagssvæðið ásamt um 600 m rás frá spildunni.

1.5 Veðurfar


Í Eyjafirði er skýr munur á árstíðum. Vetur geta orðið snjóþungir og sumardagar verða hlýir á íslenskan mælikvarða í sunnanþey. Norðanátt að sumri er svöl. Hafgolu gætir víðast hvar í Eyjafirði á sólríkum sumardögum og hafáttir því tíðar og lagaðar að landslagi. Úrkoma í Eyjafirði er breytileg eftir afstöðu til fjalla og hæð yfir sjó.

Vindur blæs yfirleitt inn og út eftir Eyjafirði og eru því algengustu vindáttirnar í Eyjafjarðarsveit norðlægar eða suðlægar, þ.e. lagaðar að landslagi. Fremur fátítt er að vindáttir séu þvert á Eyjafjörð og Eyjafjarðardal. Veðurathugunarstöð er á Torfum og skv. henni blæs vindur í um 40% tilfella úr

norðri eða norðaustri en í um 35% tilfella úr suðri eða suðvestri, logn er í um 5% tilfella (sjá vindrós á mynd 5 hér að neðan).

Á Torfum er hvassviðri algengast úr suðri eða suðvestri, en í um 75% tilfella blæs vindur úr þessum áttum þegar vindur fer yfir 15 m/s (sjá vindrós á mynd 6 hér að neðan).

Suðlægir vindar eru hlýir og þurrir eftir að landið sunnanvert og miðhálandið hafa losað þá við úrkomu. Á hinn bóginn eru norðanvindar kaldir og úrkomusamir, jafnt að sumri sem vetri.



Myndir 5 og 6. Vindrósir fyrir Torfur. Veðurstofa Íslands.

1.6 Minjar

Skv. fyrirbyggjandi minjaskráningu sem gerð var vegna vinnu við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 eru engar skráðar minjar á skipulagssvæðinu.

Minjavörður Norðurlands eystra hefur kannað skipulagssvæðið á vettvangi og fundust engar fornleifar innan skipulagssvæðisins.

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar eins og 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kveður á um.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og tilkynna fundinn til Minjastofnunnar Íslands eins og 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kveður á um.

1.7 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum ásamt umhverfisskýrslu
- Deiliskipulagsupprætti í mælikvarða 1:2000 í A2

1.8 Samráð

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar í vinnu við deiliskipulag eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
 - Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- Umhverfisstofnun
 - Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Norðurorka
- Héradyralæknir
- Viðeigandi nefndir og deildir Eyjafjarðarsveitar

2 Deiliskipulag

Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóð og byggingarreiti ásamt því að skilgreina fyrirkomulag aðkomu og önnur þau ákvæði sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi vegna byggingar svínabús.

Í deiliskipulagi er sérstök áhersla lögð á að við allar framkvæmdir verði þess gætt að valda eins litlu jarðraski og mögulegt er. Þá skal eins og mögulegt er reynt að láta allar framkvæmdir falla vel að umhverfinu og þannig reynt að hafa sem minnst áhrif á náttúru svæðisins.

Helstu byggingar vegna svínabús eru sem hér segir:

- **Eldisgrísahús**
 - Um 2.600 m² að stærð fyrir grísi frá 13 vikna aldri til slátrunar (30 kg->). Í húsinu verða alls 12 klefar og fjöldi grísa í hverjum verður 200, heildarfjöldi grísa verður 2400.
- **Gyltu- og fráfarugrísahús**
 - Um 3.100 m² að stærð sem sundurliðast með eftirfarandi hætti:
 - Fráfærudeild
 - Gotdeild
 - Geldstaða, sjúkrastíur, tilhleypling, geltir, flokkunarstía og þjálfunarsvæði,
- **Starfsmanna- og gestahús**
 - Um 300 m² að stærð.
- **Haugtancar**
 - Einn allt að 6.000 m³ tankur eða tveir allt að 3.000 m³ tankar hvor.



Mynd 7. Mögulegar staðsetningar bygginga innan byggingarreita.

Nánari upplýsingar um starfsemi:

- Heildarflötur bygginga verður um 6.000 m²
- Fjöldi grísa í eldi (30 kg +) verður um 2.400 á hverjum tíma
- Fjöldi fullorðinna dýra verður 400 gyltur
- Svínaskítur verður um 9.000 m³ á ári
- Haugrými verður um 6.000 m³

Hluti eldis verður áfram á svínabúi Stefáns Þórðarsona ehf. í Teigi í Eyjafjarðarsveit. Í Teigi verður fjöldi grísa í eldi (30 kg +) um 800 á hverjum tíma.

Dauðum gripum frá svínabúinu verður fargað á viðeigandi hátt í hrægám á vegum sveitafélagsins eins og allur annar sambærilegur úrgangur í Eyjafjarðarsveit.

Gert er ráð fyrir um fimm stöðugildum við svínabúið að Torfum.

2.1 Samgöngur

Aðkoma að lóð svínabúsins verður um núverandi aðkomuveg frá Eyjafjarðarbraut vestri, um 100 m sunnan brúar yfir Finnastaðaá. Byggja þarf aðkomuvegin upp frá Eyjafjarðarbraut vestri og að lóð svínabús. Frá aðkomuveginum er vegslóði til suðurs að túnnum innan skipulagssvæðisins en gert er ráð fyrir að slóði þessi verði áfram nýttur vegna aðkomu að túnunum.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum vegum eða veltengingum við þjóðveg í deiliskipulagi þessu.

Skv. aðalskipulagi er reiðleið vestan Eyjafjarðarbrautar vestri og er þessi reiðleið skilgreind í deiliskipulagi.

2.2 Lóðir

Lóð svínabús nær yfir allar fyrirhugaðar byggingar svínabúsins og er stærð lóðarinnar 5,45 ha.

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Aðeins er gert ráð fyrir einni lóð innan skipulagssvæðisins en hún er umhverfis fyrirhugaðar byggingar og mannvirki svínabús.

2.3 Byggingarreitir

Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir á lóð og og skulu byggingar og önnur mannvirki byggð innan þeirra.

Byggingarreitir innan lóðar svínabúsins eru þrjár og eru þeir fyrir:

- Byggingar svínabús
- Starfsmanna- og gestahús
- Haugtanka

Byggingarreitir eru ofan við bakkann þar sem Finnastaðaá hefur í eina tíð runnið.

2.4 Veitur

Samráð skal haft við Eyjafjarðarsveit, Norðurorku, RARIK og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda við lagnir.

2.4.1 Neysluvatn

Vegna fyrirhugaðrar byggingar svínabús er þörf á neysluvatni og gert er ráð fyrir að borað verði eftir vatni innan skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir að borhola verði staðsett innan lóðar en vestan við byggingareiti svínabúsins. Mikilvægt er að borhola sé staðsett þannig að mengun berist ekki í vatnsbólið og þar sem grunnvatnsstraumar liggja að öllum líkindum frá vestri til austurs en heppileg staðsetning vestan við mannvirki svínabúsins.

Borhola verður staðsett í samráði við sérfræðinga á sviði vatnsöflunar og staðsetningu borhola. Staðsetning borholu á uppdrætti er því ekki bindandi.

2.4.2 Hitaveita

Norðurorka mun sjá svæðinu fyrir heitu vatni. Gert er ráð fyrir að lögn hitaveitu verði lögð frá núverandi hitaveitulögn sem liggur meðfram Finnastaðavegi, vestan skipulagssvæðisins. Norðurorka er með til skoðunar hvar tengt verður inn á núverandi lögn, hvort það verður norðan eða sunnan við Finnastaðaá. Þar sem lega lagnarinnar hefur ekki verið ákveðin er langaleið ekki sýnd á skipulagsuppdrætti.

Hitaveitulagnir verða lagðar að byggingum innan skipulagssvæðisins og allar framkvæmdir unnar í samráði við Norðurorku.

2.4.3 Rafmagn

RARIK mun sjá svæðinu fyrir rafmagni. Jarðstrengur liggur meðfram Finnastaðavegi vestanverðum og gert er ráð fyrir að frá þeim streng verði lagður jarðstrengur sunnan Finnastaðaár að lóð svínabús. Þar sem lega jarðstrengsins hefur ekki verið ákveðin er strengsleið ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Framkvæmd við jarðstreng verður unnin í samvinnu við RARIK.

2.4.4 Fráveita

Öll fráveita og úrgangur frá svínabúi fer í haugtanka, sjá kafla 2.4.5.

Gert er ráð fyrir hreinsivirki fráveitu og siturlögnum vegna fráveitu frá stafsmanna- og gestahúsi. Frárennsli frá salernum, handlaugum og gólfum starfsmannahúss verður veitt í hreinsivirkið.

Hreinsivirkið og siturlagnir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá borholu neysluvatns og réttu megin miðað við grunnvatnsstrauminn sem undir er. Þar sem grunnvatnsstraumar liggja að öllum líkindum frá vestri til austurs en heppileg staðsetning austast á lóð svínabúsins, en leiðbeinandi staðsetning borholu neysluvatns er vestast á skipulagssvæðinu. Staðsetning hreinsivirkis og siturlagna verður valin og ákveðin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Aðgengi að hreinsivirki skal vera þannig að auðvelt sé fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits. Staðsetning hreinsivirkis á skipulagsuppdrætti er ekki bindandi.

Kerfið skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Frágangur hreinsivirkis og siturlagna skal vera vandaður í alla staði, þannig að engin mengun stafi af.

2.4.5 Úrgangur

Frá svínabúinu er gert ráð fyrir að allt að 9.000 m³ af svínaskít falli til árlega. Allur úrgangur frá svínabúinu verður fluttur með niðurgrafinni lögn í haugtank eða haugtanka sem staðsettir verða sunnan við svínabúið, innan lóðar. Tankarnir rúma allt að 6.000 m³ sem er um það bil það sem fellur til frá svínabúinu á 8 mánuðum. Gert er ráð fyrir að tankarnir verði tæmdir tvisvar á ári, á vorin og haustin. Svínaskíturinn verður nýttur sem áburður og verður hann fluttur til dreifingar á tún og önnur svæði í nágrenni við svínabúið. Rekstraraðili svínabúsins mun gera samninga við 5-10 bændur varðandi afhendingu og móttöku á svínaskít. Í þessum samningum skuldbindur móttakandi sig til að taka á móti ákveðnu magni og afhendingaraðili skuldbindur sig til að afhenda a.m.k. 85% af því magni. Afhendingaraðili hefur heimild til að láta móttakanda með niðurlögn (ofan á jörð/með slöngum) njóta forgangs við afhendingu, enda hefur dreifing svínaskíts með slíkum búnaði í för með sér minni lyktarmengun ásamt betri nýtingu á skítum. Jafnframt skuldbinda báðir aðilar sig til að fara í hvívetna eftir *starfsreglum um góða búskaparhætti* útgefnum 26. ágúst 2002 við meðhöndlun og dreifingu á svínaskítum. Er í því samhengi sérstaklega vísað til eftirfarandi ákvæða í greinum:

- *6.3 Leiðbeiningar við dreifingu á búfjáraþurði*
- *6.4 Heppilegt áburðarmagn til dreifingar á mismunandi land*

Með samningum þessum við bændur er gert ráð fyrir að allur svínaskítur sem fellur til á svínabúinu fari til dreifingar í Eyjafjarðarsveit.

3 Almennir skilmálar

3.1 Almenn

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

3.2 Hönnun og uppdrættir

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (112/2012).

3.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð (112/2012) eða samkvæmt ákvæðum sem Eyjafjarðarsveit setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi.

3.5 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

3.6 Náttúruvá

Áður en bygginga- eða framkvæmdaleyfi verður veitt innan skipulagssvæðisins verður kannað hvort þörf er á aðgerðum til að koma í veg fyrir að Finnastaðaá flæði um skipulagssvæðið.

4 Sérákvæði

4.1 Almenn

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær byggingar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

4.2 A – Byggingar svínabús

Innan byggingarreits er heimilt að reisa byggingar svínabús á einni hæð með gólfleti að hámarki 5.700 m². Innan byggingarreits verða m.a. Eldisgrísahús og Gyltu- og fráfarugrísahús. Viðmiðunarstærðir bygginga er sem hér segir:

- Eldisgrísahús, um 2.600 m²
- Gyltu- og fráfarugrísahús, um 3.100 m²

Eldisgrísahús og Gyltu- og fráfarugrísahús skulu vera með vegg hæð að hámarki 3,0 m og mænishæð að hámarki 7,5 m yfir gólfkóta aðalhæðar.

Byggingar skulu vera með mænispaki, þakfletir vera í brúnum, gráum eða náttúrulegum tónum og veggfletir í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Byggingar skulu vera með sömu meginstefnu sem sjá má á skipulagsupprætti.

Staðsetning bygginga innan byggingarreits er frjáls.

4.3 B – Starfsmanna- og gestahús

Innan byggingarreits er heimilt að reisa starfsmanna- og gestahús svínabús á einni hæð með gólfleti að hámarki 300 m². Bygging skal vera með vegg hæð að hámarki 3,0 m og mænishæð að hámarki 5,0 m yfir gólfkóta aðalhæðar.

Bygging skal vera með mænispaki, þakfletir vera í brúnum, gráum eða náttúrulegum tónum og veggfletir í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjáls.

4.4 C – Haugtanka

Innan byggingarreits er heimilt að reisa einn eða tvo haugtanka vegna starfsemi svínabús, stærð að hámarki 6.000 m³.

Viðmiðunarstærðir haugtanka er sem hér segir:

- Haugtanka, einn 6.000 m³ tankur eða tveir 3.000 m³ tankar.

Vegg hæð haugtanka er að hámarki 4,0 m og skulu veggir að hámarki vera 2,0 m yfir landhæð. Þak skal vera yfir tönkunum og skal þakhæð vera að hámarki 2,0 m yfir vegg hæð tanka. Þak getur verið úr léttu efni s.s. seglþak.

Þakfletir og veggfletir tanka skulu vera í brúnum, gráum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning tanks eða tanka innan byggingarreits er frjáls.

5 Umhverfismat

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegu umhverfisáhrifum sem framkvæmdir skv. deiliskipulagi þessu eru líklegar til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er framkvæmd við svínabú. Í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana ber að meta áhrif deiliskipulagstillögu sem felur í sér framkvæmd sem er tilgreind í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á umhverfi sitt. Breyting á deiliskipulagi fellur undir þessi viðmið vegna liðar 1.10 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. :

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi

1.10. Pauleldi búfjár utan þess sem tilgreint er í tölulið 1.09.

(1.09. Pauleldi alifugla og svína með að minnsta kosti:

i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,

ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða

iii. 900 stæði fyrir gyltur.)

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulags hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Í vinnu við deiliskipulag var lagt mat á það hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Í vinnu við deiliskipulag var haft samráð við Skipulagsstofnun en óskað var umsagnar stofnunarinnar um umfang og áherslur umhverfismats áætlunarinnar.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

5.1 Aðferðarfræði

Umhverfisáhrifin eru metin út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum í aðalskipulagi ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum frá Stefáni Þórðarsyni ehf.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venlatafla.

5.2 Upplýsingar um grunnástand umhverfis

5.2.1 Staðhættir

Suðurhluti skipulagssvæðisins er að hluta til melur og að hluta til ræktuð tún og gert er ráð fyrir að tún þessi verði áfram í ræktun. Norðurhluti skipulagssvæðisins er árframburður Finnastaðaár en gert er ráð fyrir að byggingar svínabús verði sunnan árinna í a.m.k. 50 m fjarlægð frá árbakka.

Aðkomuvegur er inn á skipulagssvæðið um 100 m sunnan brúar yfir Finnastaðaá en gert er ráð fyrir að aðkomuvegur þessi verði byggður upp og nýttur sem aðkomuvegur að svínabúinu. Frá aðkomuveginum er vegslóði til suðurs að túnum innan skipulagssvæðisins en gert er ráð fyrir að slóði þessi verði áfram nýttur vegna aðkomu að túnunum.

5.2.2 Umhverfisaðstæður

Á árum áður átti Finnastaðaá það til að flæða um svæðin umhverfis núverandi farveg en eftir að ræsi var sett undir Finnastaðaveg vestan skipulagssvæðisins um 1980 hefur áin verið nokkuð stöðug í sínum farvegi. Þá er efnistaka heimil úr áreyrum Finnastaðaár vestan brúar yfir Eyjafjarðarbraut vestri, en efnistakan hjálpar til við það að efni safnast ekki upp og því eru minni líkur á að Finnastaða flæði á svæðinu. Áður en bygginga- eða framkvæmdaleyfi verður veitt innan skipulagssvæðisins verður kannað hvort þörf er á aðgerðum til að koma í veg fyrir að Finnastaðaá flæði um skipulagssvæðið.

5.3 Umhverfisþættir

Umhverfisþættirnir eru valdir út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu.

Þeir þættir sem helst eru taldir geta orðið fyrir áhrifum, jákvæðum eða neikvæðum, af framkvæmd deiliskipulags eru:

- Landslag og sjónræn áhrif
- Samfélagsleg og hagræn áhrif
- Gróður og lífríki
- Heilsa og öryggi
- Frárennslismál
- Úrgangsmál

Sérstök áhersla er lögð á að skoða umhverfisþættina lyktarmengun og mengun vegna úrgangs.

5.4 Áhrifaþættir

Sá þáttur deiliskipulags sem talin er geta haft möguleg umhverfisáhrif er bygging svínabús og allt sem fylgir þeirri starfsemi.

5.5 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í deiliskipulaginu verða eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
 - Markmið laga þessara er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
 - Markmið reglugerðar þessarar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum og að stuðla að almennri verndun vatns.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
 - Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni. Samkvæmt grein 5.1 er mengun grunnvatns óheimil.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
 - Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun
 - Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun, koma á samþættum mengunarvörnum og að samræma kröfur og skilyrði í starfsleyfum.
 - Jafnframt er það markmið að tryggja að kröfur sem gerðar eru í starfsleyfum til þess að draga úr tiltekinni mengun umhverfisins valdi ekki aukinni mengun annars staðar í umhverfinu.
- Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði
 - Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið, meta loftgæði á samræmdan hátt, afla upplýsinga um loftgæði og viðhalda þeim þar sem þau eru mikil eða bæta þau ella. Jafnframt er það markmið að draga úr mengun lofta.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
 - Markmið þessara laga er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.

5.6 Greining umhverfisáhrifa


Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- **(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.
- **(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- **(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.
- **(?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið hefur óþekkt áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

5.7 Valkostir

Borin eru saman áhrif bygging svínabús skv. deiliskipulagi við líklega þróun umhverfis án framfylgdar deiliskipulagsins, núll kost. Þá er sá valkostur að byggja svínabúið á Melgerðismelum metin til samanburðar en sú staðsetning hefur verið til skoðunar hjá fyrirhuguðum framkvæmdaraðila.

Þá er fjallað um hvernig deiliskipulag fellur að meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags.



Mynd 8. Möguleg staðsetning svínabús á Melgerðismelum og 600 m radíus frá svínabúi.

5.8 Áhrifamat

5.8.1 Landslag og sjónræn áhrif

Spilda í landi Torfna

Engin mannvirki eru á skipulagssvæðinu og er svæðið ósnortið fyrir utan að tún hafa verið gerð á suðurhluta svæðisins og eru túnin nýtt. Svæðið er fremur flatt en þó með aflíðandi halla frá vestri til austurs.

Svæðið sem fer undir lóðir og byggingar svínabús er að mestu lítt gróið svæði með áframburði Finnastaðaár og er landslag þar fremur einsleitt. Svæðið sem fer undir fyrirhugaða haugtanka er einsleitur hálfgróinn melur. Sunnan og vestan við fyrirhugaðar byggingar eru tún sem eru nýtt.

Vegna þessa eru áhrif á landslag talin óveruleg.

Þegar ekið er eftir Eyjafjarðarbraut vestri til suðurs eða norðurs koma fyrirhugaðar byggingar og mannvirki svínabús til með að sjást. Til að milda sýnileg áhrif eru skilmálar settir hvað varðar hæð, útlit og litaval bygginga. Þá er skilmálar þannig að samræmi verður í útliti bygginga á svæðinu, og m.a. er sett megin mænisstefna fyrir byggingar svínabús.

Þrátt fyrir að skilmálar þessir séu settir verða mannvirki svínabús vel sýnileg úr næsta nágrenni. Um er að ræða landbúnaðarsvæði og víða í næsta nágrenni eru útihús s.s. fjós, fjárhús og hlöður sem eru með mikinn gólfllöt og töluverða mænishæð. Vegna þessa er ekki er talið að sjónræn áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar verði neikvæð.

Áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar svínabús á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

Á Melgerðismelum

Sá valkostur að hafa svínabúið á Melgerðismelum er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþættina landslag og sjónræn áhrif. Byggingar yrðu ekki vel sýnilegar vegna staðsetningar sinnar og þeirra skilmála sem er settir eru í deiliskipulagi, en þess utan eru áhrifin óveruleg þar sem stórar byggingar og skýli eru þegar á Melgerðismelum. Áhrif á landslag eru einnig talin vera óveruleg þar sem möguleg staðsetning svínabús er á lítið grónu svæði.

5.8.2 Samfélagsleg og hagræn áhrif

Spilda í landi Torfna

Samfélagsleg og hagræn áhrif eru talin jákvæð þar sem hráefni fyrir kjötvinnslur á svæðinu kemur úr sama héraði í stað þess að vera flutt landshluta á milli. Með því að lágmarka flutningsvegalengd frá svínabúi til kjötvinnsla minnkar kolefnisfótspor kjötvinnsla verulega.

Kjötvinnslur við Eyjafjörð (Norðlenska, Kjarnafæði og B. Jensen) eru með um 100 starfsmenn vegna vinnslu við svínakjöt. Skortur er á svínakjöti í núverandi kjötvinnslum og líkur eru til þess að eitt núverandi svínabú á Norðurlandi hætti starfsemi innan fárra ára. Miðað við það magn sem mögulegt er að rækta í fyrirhuguðu svínabúi má gera ráð fyrir að um 60% af þörf svæðisins til vinnslu yrði uppfyllt með byggingu svínabús að Torfum. Gera má ráð fyrir að með því væru um 60 störf í

framleiðslu á svæðinu, og er þá ekki lagt mat á fjölda annarra afleiddra starfa, en auk þess er gert ráð fyrir að um 5 stöðugildi verði í sjálfu svínabúinu. Ef ekki kemur til uppbyggingar svínabús í landi Torfna má gera ráð fyrir að vinnsla svínakjöts myndi dragast verulega samana í núverandi kjötvinnslum með tilheyrandi fækkun starfa, en nokkuð óljóst er hversu mörg störf myndu tapast.

Jákvæð samfélagsleg og hagræn áhrif eru einnig talin vera þar sem svínaskítur verður nýttur sem áburður á tún í Eyjafirði. Með þeirri lausn er minni þörf á að kaupa innfluttan tilbúin áburð og þar með minnkar kolefnisfótspor bænda í sveitarfélaginu.

Jákvæð samfélagsleg og hagræn áhrif eru einnig talin vera þar sem gert er ráð fyrir að hitaveita verði lögð að bæjum sem ekki hafa hitaveitu í dag, s.s. Torfum, Samkomugerði og Samkomugerði 2. Hitaveita að þessum bæjum yrðu til komnar þar sem leggja þarf leggja þarf hitaveitulögn að svínabúi og því yrðu þessir bæir tengdir inn á lögnina í sömu framkvæmd.

Þá má geta þess að áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar hefur þau jákvæðu samfélagslegu og hagrænu áhrif að gera má ráð fyrir að nokkur fjöldi starfa skapist á svæðinu á framkvæmdatíma.

Niðurstaða áhrifa á umhverfispáttinn samfélagsleg og hagræn áhrif er að áhrif uppbyggingar svínabús teljast vera jákvæð.

Á Melgerðismelum

Sá valkostur að hafa svínabúið á Melgerðismelum er talin hafa sömu jákvæðu samfélagslegu og hagrænu áhrif og uppbygging að Torfum.

Möguleg neikvæð samfélagsleg áhrif eru talin verða þar sem núverandi hestaípróttasvæði þyrfti að flytjast að hluta til af svæðinu þar sem slík svæði eru ekki heimil innan 600 m frá fyrirhuguðu svínabúi.

5.8.3 Gróður og lífríki

Spilda í landi Torfna

Þar sem fyrirhuguðu uppbygging er á lítt grónum áframburði og hálfgrónum mel eru áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á gróður og lífríki talin óveruleg. Ekki er verið að spilla sérstæðum gróðurfélögum, sjaldgæfum tegundum eða tegundum á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Jákvæð áhrif á gróður eru talin vera þar sem svínaskítur verður að einhverju leyti nýttur sem áburður á svæði sem eru gróðursnauð og því er uppgræðsla möguleg á svæðum í sveitarfélaginu, utan skipulagssvæðisins.

Í deiliskipulagi er sérstök áhersla lögð á að við allar framkvæmdir verði þess gætt að valda eins litlu jarðraski og mögulegt er. Þá skal eins og mögulegt er reynt að láta allar framkvæmdir falla vel að umhverfinu og þannig reynt að hafa sem minnst áhrif á náttúru svæðisins.

Vegna þessa eru áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar svínabús á gróður og lífríki talin óveruleg eða jákvæð.

Á Melgerðismelum

Sá valkostur að hafa svínabúíð á Melgerðismelum er talin hafa óveruleg áhrif á gróður og lífríki þar sem möguleg staðsetning svínabús er á lítið grónu svæði. Jávæð áhrif eru talin þau sömu og uppbygging að Torfum, þ.e. að svínaskítur verður að einhverju leyti nýttur sem áburður á svæði sem eru gróðursnauð.

Sá valkostur að hafa svínabúíð á Melgerðismelum er talin hafa sömu óverulegu og jákvæðu áhrif og uppbygging að Torfum.

5.8.4 Heilsa og öryggi

Spilda í landi Torfna

Skv. reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015 er lágmarksfjarlægð frá byggingum fyrirhugaðs svínabús að mannabústöðum, útivistarsvæðum, vinnustöðum eða svæðum sem afmörkuð hafa verið fyrir framangreinda notkun í aðalskipulagi eða með byggingarreitum í deiliskipulagi 600 m.

Ekkert útivistarsvæði er innan 600 m frá byggingum fyrirhugaðs svínabús og í raun er næsta skilgreinda útivistarsvæði Melgerðismelar sem er í ríflega 2 km fjarlægð

Fjarlægðir í næstu mannabústaði sem í sumum tilfellum eru einnig vinnustaðir er sem hér segir:

- Frístundahús í nánd við Finnastaðaá, austan Finnastaðavegar, er í um 650 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús
- Grund I og II, íbúðarhús er í um 1100 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðausturs
- Árbær, íbúðarhús er í um 900 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðvesturs
- Finnastaðir, íbúðarhús er í um 950 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðvesturs
- Holtssel, íbúðarhús er í um 1250 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til norðvesturs
- Ytra Fell, íbúðarhús er í um 1100 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til vesturs
- Syðra Fell, íbúðarhús er í um 1200 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til vesturs
- Torfur, íbúðarhús er í um 1300 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til suðausturs
- Rútsstaðir, íbúðarhús er í um 1650 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til austurs
- Samkomugerði I, íbúðarhús er í um 1600 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til suðurs
- Samkomugerði II, íbúðarhús er í um 1400 m fjarlægð frá byggingarreitum svínabús til suðurs

Samkvæmt veðurathugunarstöð Veðurstofunnar að Torfum eru algengustu vindáttirnar á svæðinu norðlægar eða suðlægar, en fremur fátítt er að vindáttir séu þvert á Eyjafjörð. Á Torfum blæs vindur í um 40% tilfella úr norðri eða norðaustri en í um 35% tilfella út suðri eða suðvestri, logn er í um 5% tilfella.

Á Torfum er hvassviðri algengast úr suðri eða suðvestri, en í um 75% tilfella blæs vindur úr þessum áttum þegar vindur fer yfir 15 m/s. Hagstæðar vindáttir munu draga úr áhrifum lyktarmengunar en gera má ráð fyrir að mestu áhrifa lyktarmengunar muni gæta í hægum vindum.

Vegna þessa er rétt að rýna hvaða mannabústaðir liggja nærst í suðri eða suðvestri og norðri eða norðaustri. Grund I og II eru í um 1100 m fjarlægð frá fyrirhuguðu svínabúi til norðausturs eða um 500 m fjær fyrirhuguðu svínabúi en lágmarkfjarlægð er skv. reglugerð. Þar sem vindur blæs í um 35% tilfella úr suðri eða suðvestri má gera ráð fyrir lyktar frá svínabúi muni í einhverjum tilfellum gæta við Grundarbæina. Þrátt fyrir að vindur blási í um 75% tilfella úr suðri eða suðvestri þegar vindur fer yfir 15 m/s má gera ráð fyrir að áhrif lyktar verði ekki mikil þegar hvasst er þar sem mestu áhrifa lyktarmengunar eru talin gæta í hægum vindum. Að Grund er búskapur og meðal annars er fjós á bæjartorfunni. Frá slíkri starfsemi gætir eðlilega lyktar og líklega eru þau áhrif meiri en áhrifin frá fyrirhuguðu svínabúi.

Í suðri eða suðvestri eru næstu bæir Samkomugerði I og II sem eru í um 1400-1600 m fjarlægð frá frá fyrirhuguðu svínabúi, eða 800-1000 m fjær en lágmarkfjarlægð er skv. reglugerð. Þrátt fyrir að vindur blási í um 40% tilfella úr norðri eða norðaustri er talið að áhrif lyktar við Samkomugerðisbæina verði óveruleg þar sem fjarlægð frá svínabúi er um 1,5 km.

Það má ætla að neikvæð áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar svínabús á heilsu og öryggi verði óveruleg. Helsta uppspretta lyktarmengunar verður frá svínabúinu en þar sem fjarlægð á milli svínabúsins og mannabústaða á svæðinu er umtalsverð verður að teljast ólíklegt að lyktarmengunin valdi miklum óþægindum.

Næsta vatnsból er staðsett í hlíðinni fyrir ofan Holtssel og er vatnsbólíð í meira en 2 km fjarlægð frá fyrirhuguðu svínabúi langt ofan dreifingarsvæðis búfjáraburðar. Næstu vatnsverndarsvæði skv. aðalskipulagi eru við Háls sem er um 7 km til suðurs og við Grísarárbotna sem staðsettir eru um 8 km til norðurs. Þessar fjarlægðir er langt umfram kröfu reglugerðar nr. 520/2015 um 200 metra fjarlægð í vatnsból.

Vegna þessa eru áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar svínabús á heilsu og öryggi talin óveruleg.

Á Melgerðismelum

Sá valkostur að hafa svínabúið á Melgerðismelum er talin hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi þar sem fjarlægðir í næstu mannabústaði eru að lágmarki 600 m. Þess ber þó að geta að íbúðarhúsið Alda er í um 600 m fjarlægð til suðvesturs og þar sem vindur er í um 40% tilfella úr norðri eða norðaustri má gera ráð fyrir að nokkurrar lyktarmengunar myndi gæta við Öldu.

Vatnsból eru ekki innan fjarlægðarmarka skv. kröfu reglugerðar nr. 520/2015 og því eru þau áhrif talin óveruleg.

Samanburður við Danmörku

Til upplýsingar og samanburðar þá var danska ráðgjafafyrirtækið Max Jakobsen Miljørådgivning fengið til að reikna út ásættanlega fjarlægð mannabústaða frá fyrirhuguðu svínabúi að Torfum skv. dönskum lögum og reglum. Í Danmörku eru fjarlægðarmörk mannabústað skilgreind eftir því á hverskonar svæði mannabústaðirnir eru. Hér að neðan má sjá hvernig svæðin eru skilgreind og lágmarksfjarlægðir frá samskonar starfsemi og gert er ráð fyrir á Torfum yrði.

- Stök hús í dreifbýli = 190 m
- Þorp eða þyrping húsa = 338 m
- Þéttbýli = 602 m

Ástæðan fyrir þessum mismunandi kröfum eftir skilgreiningu svæða er m.a. sú að fólk sem býr í dreifbýli má gera ráð fyrir einhverjum lyktaáhrifum vegna landbúðarframleiðslu á svæðinu en fólk sem býr í þéttbýli síður.

Skv. dönskum stöðlum væri því lágmarksfjarlægð frá sambærilegu svínabúi og fyrirhugað er að byggja að Torfum að næstu mannabústöðum 190 m.

5.8.5 Frárennismál

Spilda í landi Torfna

Öll fráveita og úrgangur frá byggingum svínabús er í formi svínaskíts og verður honum veitt í haugtanka með niðurgrafinni lögn (sjá nánar um umhverfisáhrif í kafla 5.8.6 um úrgangsmál).

Allri fráveitu frá starfsmanna- og gestahúsi verður veitt í hreinsivirki og verður fráveitukerfið í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Hreinsivirkið og siturlagnir verða í hæfilegri fjarlægð frá borholu neysluvatns og réttu megin miðað við grunnvatnsstrauminn sem undir er. Staðsetning hreinsivirkis og siturlagna verður valin og ákveðin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Vegna þessa eru áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar svínabús á frárennsli talin óveruleg.

Á Melgerðismelum

Sá valkostur að hafa svínabúið á Melgerðismelum er talin hafa sömu óverulegu áhrif og uppbygging að Torfum.

5.8.6 Úrgangsmál

Spilda í landi Torfna

Frá svínabúinu er gert ráð fyrir að allt að 9.000 m³ af svínaskít falli til árlega. Allur úrgangur frá svínabúinu verður fluttur með niðurgrafinni lögn í haugtanka eða haugtanka sem staðsettir verða innan lóðar svínabúsins. Tankarnir rúma allt að 6.000 m³ sem er um það bil það sem fellur til frá svínabúinu á 8 mánuðum. Gert er ráð fyrir að tankarnir verði tæmdir tvisvar á ári, á vorin og haustin. Svínaskíturinn verður nýttur sem áburður og verður hann fluttur til dreifingar á tún og önnur svæði í nágrenni við svínabúið. Rekstraraðili svínabúsins mun gera samninga við 5-10 bændur varðandi afhendingu og móttöku á svínaskít og gert er ráð fyrir að hver bóndi taki við 1.000-2.000 m³ á ári.

Í þessum samningum skuldbindur móttakandi sig til að taka á móti ákveðnu magni og afhendingaraðili skuldbindur sig til að afhenda a.m.k. 85% af því magni. Afhendingaraðili hefur heimild til að láta móttakanda með niðurlögn (ofan á jörð/með slöngum) njóta forgangs við afhendingu, enda hefur dreifing svínaskíts með slíkum búnaði í för með sér minni lyktarmengun ásamt betri nýtingu á skítum. Jafnframt skuldbinda báðir aðilar sig til að fara í hvívetna eftir

starfsreglum um góða búskaparhætti útgefnunum 26. ágúst 2002 við meðhöndlun og dreifingu á svínaskítum. Er í því samhengi sérstaklega vísað til eftirfarandi ákvæða í greinum:

- 6.3 Leiðbeiningar við dreifingu á búfjáraburði
- 6.4 Heppilegt áburðarmagn til dreifingar á mismunandi land

Með samningum þessum við bændur er gert ráð fyrir að allur svínaskítur sem fellur til á svínabúinu fari til dreifingar í Eyjafjarðarsveit.

Ljóst er að lyktar mun gæta þegar svínaskít er dreift á tún og önnur svæði en snögg uppgufun lyktandi efna stuðlar að því að lyktarmengun á svæðinu verður að öllum líkindum staðbundin, tímabundin og fremur lítil. Þess má einnig geta að Eyjafjarðarsveit er landbúnaðarhérað og eru fjölmörg fjós á svæðinu. Kúamykju er gjarnan dreift á tún og verða íbúar í sveitarfélaginu varir við lyktaráhrif vegna þess, eins og eðlilegt er á landbúnaðarsvæðum.

Þar sem svínaskítur er mjög innihaldsríkur af bæði köfnunarefni og fosfór er hann vinsæll í uppgræðsluverkefnum og sem almennur áburður á ræktað land og tún. Verð á tilbúnum áburði hefur hækkað mjög mikið undanfarin ár og hefur áhugi landeigenda á svínaskítum aukist mikið.

Í reglugerð nr. 804/1999 eru ákvæði um söfnun og geymslu búfjáraburðar sem starfsreglur um góða búskaparhætti taka mið af. Þar segir að við það skuli miðað að dreifing búfjáraburðar fari að jafnaði fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og að jafnaði sé ekki dreift á frosna jörð. Í 4,5 mánuði má því ekki dreifa svínaskít á tún. Miðað við árlegt heildarmagn skíts um 9.000 m³ er hér um að ræða um 3.375 m³ sem þyrfti að geyma yfir þetta tímabil. Geymslugeta í haugtönkum verður allt að 6.000 m³ sem geymslugeta til um 8 mánaða en lágmarkskröfur um geymslugetu haugrýma er 6 mánuðir.

Neikvæð áhrif af völdum úrgangs frá fyrirhuguðu svínabúi eru talin óveruleg. Jákvæð áhrif eru möguleg þar sem til verður afbragðs áburðarefni sem bændur í Eyjafjarðarsveit geta nýtt til áburðagjafar á tún og til uppgræðslustarfa.

Dauðum gripum frá svínabúinu verður fargað á viðeigandi hátt í hrægám á vegum sveitafélagsins eins og allur annar sambærilegur úrgangur í Eyjafjarðarsveit.

Vegna þess sem fram kemur hér að ofan eru áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar svínabús vegna úrgangsmála talin óveruleg eða jákvæð.

Á Melgerðismelum

Sá valkostur að hafa svínabúið á Melgerðismelum er talin hafa sömu óverulegu og jákvæðu áhrif og uppbygging að Torfum.

5.8.7 Núll kostur

Ef ekki kemur til framfylgdar deiliskipulagsins er talið að áhrif á flesta umhverfisþætti verði óveruleg. Samfélagsleg og hagræn áhrif eru talin neikvæð þar sem skortur er á hráefni fyrir kjötvinnslur á svæðinu og ef ekki kemur til uppbyggingar svínabús má gera ráð fyrir að vinnsla svínakjöts myndi

dragast verulega samana í núverandi kjötvinnslum með tilheyrandi fækkun starfa. Mögulegt er að hráefni myndi verða flutt landshluta á milli í kjötvinnslur á svæðinu en slíkir flutningar munu hafa neikvæð áhrif á kolefnisfótspor kjötvinnslanna og þar sem neikvæð samfélagsleg áhrif.

Þá eru samfélagsleg og hagræn áhrif einnig talin neikvæð þar sem ekki kæmi til þess að lífrænn áburður yrði nýttur á tún og því þyrfti að flytja inn tilbúinn áburð fyrir bændur. Áhrif vegna þessa eru einnig talin neikvæð á gróður og lífríki og úrgangsmál þar sem svínaskítur yrði ekki nýttur sem áburður til uppgræðslu á svæði sem eru gróðursnauð í sveitarfélaginu.

Þá má þess geta að hitaveita yrði síður lögð á bæi í nánd við svínabúið ef ekki kæmi til uppbyggingar þess og eru þau samfélagslegu og hagrænu áhrif neikvæð.

5.9 Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 og samþykktu tillögu að Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og fellur að þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

5.10 Vöktun

Æskilegt er að í starfsleyfisgerð svínabúsins þurfi að liggja fyrir hvar úrgangurinn er nýttur sem áburður og fá þar með samþykki viðkomandi heilbrigðisyfirvalda. Í starfsleyfi mætti einnig setja fram skilyrði vegna vöktunar við dreifingu svínaskíts á tún og önnur svæði auk vöktunar á áhrifum vegna lyktar í mannbústöðum nærst svínabúi.

5.11 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að heildaráhrif af völdum fyrirhugaðrar uppbyggingar svínabús skv. deiliskipulagi séu óveruleg eða jákvæð.

Áhrif á alla umhverfispætti eru talin óveruleg fyrir utan jákvæð samfélagsleg og hagræn áhrif vegna afleiddra starfa við kjötvinnslur á svæðinu, vegna minni þarfar á innfluttum áburði og vegna hitaveitu sem lögð yrði að bæjum sem ekki hafa hitaveitu í dag.

Áhrif uppbyggingar á Melgerðismelum yrðu þau sömu fyrir utan möguleg neikvæð samfélagsleg áhrif þar sem núverandi hestaþróttasvæði þyrfti að flytjast að hluta til af svæðinu þar sem slík svæði eru ekki heimil innan 600 m frá fyrirhuguðu svínabúi.

Helstu neikvæðu áhrifin eru möguleg af tímabundinni lyktarmengun frá svínabúi og við dreifingu svínaskíts þegar hægar og óhagstæðar vindáttir ríkjá á svæðinu, en þessi áhrif eru ekki talin veruleg í skilningi laga um umhverfismat áætlana.

Ef ekki kemur til framfylgdar deiliskipulagsins er talið að áhrif á alla umhverfispætti verði óveruleg fyrir utan möguleg neikvæð samfélagsleg og hagræn áhrif auk neikvæðra áhrifa á gróður og lífríki og úrgang.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

Umhverfispættir	Spilda í landi Torfna		Á Melgerðismelum			Núll kostur	
Landslag og sjónræn áhrif	0		0			0	
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+		+	-		-	
Gróður og lífríki	+	0	+	0	0	-	
Heilsa og öryggi	0		0			0	
Frárennismál	0		0			0	
Úrgangsmál	+	0	+	0	0	-	
Niðurstaða	+	0	+	0	-	0	-

Skýringar

(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt

(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt

(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt

(?) Óþekkt áhrif á umhverfispátt